

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

42. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2021, föstudaginn 10. desember 2021 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mætt voru á fundinn:

Samúel Kristjánsson oddviti, Karl Guðmundur Kjartansson og Guðmundur Birgir Ragnarsson. Fundur fór jafnframt fram um fjarfundarbúnað. Ragnheiður Baldursdóttir og Jóhanna R. Kristjánsdóttir sátu fundinn í fjarfundi.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn að gætri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir nóvember 2021

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd. Farið m.a. yfir fráveitumál á Langeyri.

Sveitarstjóri falið að klára verkefnið eftir því sem það gengur að mati verktaka varðandi fráveitumálin og vatnslagnir.

Oddviti leggur fram bókun vegna fráveitumála á Langeyri:

Ekki heppilegt að klára fráveitu og vatnslagnir á Langeyri í skammdagi og frosti vegna aðstæðna þar sem raflagnir og ljósleiðari liggja um fyrirhugað lagnasvæði.

2. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2022 – síðari umræða

Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps fyrir 2022 samþykkt með 27.489.063.- kr. halla.

3. Fundargerðir:

23. fundur skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 1.12.2021. 2111001F

Fundargerð samþykkt og Súðavíkurhreppur gefur út framkvæmdaleyfi fyrir landfyllingu inn af Langeyri sbr. mál 2111005

Fundargerð 903. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga 26.11.2021

Fundargerð kynnt og rædd.

Fundargerð 439. fundar Hafnarsambandsins 12.11.2021

Fundargerð kynnt og rædd.

Fundargerð 134. fundar NAVE 2.12.2021

Fundargerð kynnt og rædd.

4. Tilboð í flotbryggju og staðsetning bryggjunnar.

Sveitarstjórn leggur til staðsetningu við Suðurgarð inn af bakka viðlegukants og felst á tilboð Köfunarþjónustunnar um kaup á 30 m flotbryggju með búnaði. Áætlað kaupverð 15,2 mkr. an vsk.

5. Tilboð í slökkvibífið – Brunavarnir Suðurnesja

Tilboði í slökkvibífið tekið upp á 5,5 mkr. og sveitarstjóri falið að ganga frá kaupunum.

6. Bréf frá Tálknafjarðahreppi – Ósk um óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaga. 2112001

Sveitarstjórn er samþykkt óformlegum viðræðum um sameiningarmál svo sem fram er farið á í erindinu en leggur til að sveitarstjórn fjalli um málið eftir sveitarstjórnarkosningar í vor.

7. Stafrænar húsnaðisáætlanir – erindi frá HMS dags. 29.10.2021 og 1.12.2021

Sveitarstjóra falið að fylgja verkefninu eftir.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:07

Karl Guðmundur Kjartansson

Jóhanna R. Kristjánsdóttir

G. Birgir Ragnarsson

Ragnheiður Baldursdóttir

Samúel Kristjánsson
oddviti